

Velferðarnefnd Alþingis.  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 29. apríl 2019


**Efni: Umsögn Neytendasamtakanna um frumvarp til laga um breytingu á húsaleigulögum (bætt réttarstaða leigjenda við lok leigusamnings), 795. mál.**

Vísað er til erindis velferðarnefndar Alþingis, dags. 12. apríl 2019.

Neytendasamtökin lýsa yfir stuðningi sínum við frumvarpið og telja að þær breytingar sem þar eru lagðar fram séu til þess fallnar að styrkja réttarstöðu leigjenda sem leigja íbúðarhúsnæði af vinnuveitenda. Eins og kemur fram í greinargerð frumvarpsins er markmið þess að bæta réttarstöðu og auka húsnæðisöryggi þessa hóps. Neytendasamtökin taka undir það sem kemur fram í greinargerðinni að afar íþyngjandi geti reynst fyrir leigjendur sem leigja íbúðarhúsnæði af vinnuveitenda að eiga í hættu á að missa bæði atvinnu og húsnæði samtímis og að eðlilegt sé í því sambandi að leigjendur í þessum hópi eigi rétt á ákveðnum uppsagnarfresti þegar þeir láta af störfum, er vikið úr starfi eða þegar ráðningartíma lýkur.

Virðingarfyllst,

f.h. Neytendasamtakanna



Breki Karlsson, formaður